

LÖG

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Eigendur skipa skulu greiða 424 kr. fyrir hvert þorskígildistonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3. mgr.
- b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli hlutdeilda skal gjaldið miðast við hlutdeildir viðkomandi skips í þeim tegundum og úthlutað heildaraflamark þegar gjaldið er lagt á, en miðist úthlutun ekki við hlutdeild skal miða gjaldið við úthlutað aflamagn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „14.200“ í 3. mgr. kemur: 16.500.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.
- c. Í stað tölunnar „15.000“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 19.500.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. nóvember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

Nr. 143

30. nóvember 2000

LÖG

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofn-kostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

- b. Í stað orðanna „hver verður líklegur álagningarstofn“ í 2. mgr. kemur: hvert verður líklegt fasteignamat.
- c. Í stað orðanna „0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni“ í 4. mgr. kemur: 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 30. nóvember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.

30. nóvember 2000

Nr. 144

LÖG

**um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
nr. 4/1995, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á a-lið 3. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „erfðafestulönd“ kemur: í dreifbýli.
- b. Orðin „sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar“ falla brott.
- c. Á eftir orðunum „sem tengd eru landbúnaði“ kemur: öll hlunnindi.

3. gr.

B-liður 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Allt að 1,32% af álagningarstofni:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo: Framlag úr ríkissjóði er nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal því varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.